

Ber því að synja frestbeiðni áfrýjanda og vísa málinu frá Hæstarétti.

Áfrýjandi greiði stefndu 7.500,00 krónur í ómakslaun.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Axel Ström Óskarsson, greiði stefnda, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar, 7.500,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 10. febrúar 1987.

Nr. 46/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Gísla Wendel Birgissyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. Gedheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 4. febrúar 1987, en hún barst Hæstarétti 6. febrúar 1987. Hann krefst þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi en til vara að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Kæra máls þessa var að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Akureyrar 4. febrúar 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 4. febrúar er á dómþingi sakadóms Akureyrar, sem háð er í lögreglustöðinni við Þórunnarstræti af Ólafi Ólafssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Um kl. 22:20, föstudaginn 31. janúar sl. barst lögreglunni á Akureyri tilkynning um íkveikju að fasteigninni Skipagötu 7. Við nánari athugun kom í ljós að gerð hafði verið tilraun til að kveikja í ruslapokum í kyndiklefa á neðstu hæð. Í þágu rannsóknar málsins var kærði, Gísli Wendel Birgisson iðnverkamaður, til heimilis að Tjarnarlundi 12, Akureyri, boðaður til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu mánudaginn 2. febrúar sl.

Viðurkenndi kærði þá að hafa lagt eld í ruslapoka en farið síðan af vettvangi.

Við frekari yfirheyrslu yfir kærða hefur hann viðurkennt að hafa kveikt elda á eftirtöldum stöðum á Akureyri á árunum 1986 - 1987.

1. 21. mars 1986, kl. 23:43.

Að hafa lagt eld að ýmsum munum í geymslu í fjölbýlishúsinu Hjallalundi 17. Skemmdir urðu talsvert miklar í geymslunni, reyk lagði um allt fjölbýlishúsið. Í fjölbýlishúsinu, sem er allt steinsteyp, eru þrjár stigagangar. Tíu íbúðir eru í hverjum stigagangi.

2. 8. maí 1986, kl. 00:15.

Kærði hefur viðurkennt að hafa verið valdur að bruna í viðbyggingu timburhúss að Geislagötu 10.

3. 29. ágúst 1986, kl. 03:40.

Að hafa lagt eld í hluti í bifreiðageymslu að Eyrarvegi 18. Bifreiðageymslan, sem er úr timbri, stendur skammt frá íbúðarhúsi. Miklar skemmdir urðu á geymslunni.

4. 29. ágúst 1986, kl. 03:55.

Að hafa lagt eld í sæti bifreiðarinnar A-1216, á bifreiðastæði skammt austan við íbúðarhúsið nr. 3 við Fjólugötu.

5. 3. október 1986, kl. 21:05.

Að hafa lagt eld í allstóra skúrbyggingu vestan við verslunina Huld, Hafnarstræti 97. Skúrbyggingin gjöreyðilagðist.

Kærði hefur ennfremur viðurkennt að hafa lagt eld að papparusli í

geymslu að Hafnarstræti 88 þann 17. janúar sl. svo og í papparusl við veitingastaðinn Cafe Torg við Ráðhústorg.

Þá er kærði grunaður um að hafa lagt eld að sorpgeymslu að Tjarnarlundi 10 þann 16. apríl og að rusli í mannlausu húsi við Norðurgötu 4 þann 6. maí 1986. Ákærði hefur neitað sakargiftum.

Rannsókn þessa máls er á frumstigi.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála þykir nauðsynlegt að úrskurða kærða í gæsluvarðhald allt til 2. mars 1987, kl. 13:00.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, gegn 164. gr. og 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, gætu varðað hann fangelsisrefsingu og er því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Kærði er fæddur 16. júlí 1966 á Akureyri. Samkvæmt sakavottorði kærða var hann þann 5. október 1984 dæmdur til fangelsisrefsingar fyrir brot gegn 1. mgr. 200. gr. sbr. 202. gr. og 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 45. gr. laga nr. 53, 1966 um vernd barna og ungmenna.

Þá er til meðferðar hjá sakadómi Akureyrar ákæra, útg. 22. desember sl. á hendur kærða vegna meintra brota gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga.

Með vísun til 2. tl. d-liðar 75. gr. laga nr. 74, 1974 ber að ákveða að kærði skuli á gæsluvarðhaldstímanum gangast undir geðheilbrigðisrannsókn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Gísli Wendel Birgisson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 2. mars 1987, klukkan 13:00.

Kærði skal á gæsluvarðhaldstímanum gangast undir geðheilbrigðisrannsókn.